




## Stöðuskýrsla – Óveður í Júní

Dagsetning:	3. júní 2024 kl 16:00	Stig:	
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

### Yfirlit

- Spáð er óveðri sem mun standa yfir í allt að fjóra daga
- Mjög óvenjulegt að óveður á þessum tíma standi yfir þetta lengi
- Mikill vindur í norðanátt og mikil úrkoma.
- Hiti á Norðurlandi verður um og undir frostmarki á lálendi
- Lokanir á fjallvegum áætlaðar



1 viðvaranir fyrir landið í heild 4. júní kl 12:00



---

## Upplýsingar frá Samhæfingarstöð Almannavarna

### Uppfært 3. júní kl: 13:00

Haldinn var samráðsfundur með hagsmunaaðilum kl 13:00 í dag þar sem að Veðurstofan og Vegagerðin fóru yfir sínar áætlanir.

### Veðurstofa

Djúp lægð NA af landinu sem nálgast landið í dag. Í kvöld verpyr mikil úrkoma Norðan og Austanlands sem gengur í hvassa NV átt, jafnvel storm. Einnig verður mikið hvassviðri á Suðausturlandi. NV átt viðvarandi á morgun og miðvikudag. Úrkomubakki í kvöld, mun falla sem slydda eða rigning en snjókoma á fjallvegum og til fjalla. Gert er ráð fyrir að snjókoma muni falla allt niður í 100 metra hæð. Ansi mikil úrkomákefð á Norðurlandi fram á miðvikudag. Á fimmtudagskvöld bætir verulega í úrkomu en gæti þó orðið breytileiki í staðsetningu. Mikil úrkoma ofan í því sem áður hefur komið aftur á móti má gera ráð fyrir hlýrra lofti og því rigning eða slydda. Dregur úr á aðfararnótt föstudags.

Appelsínugular viðvaranir verða líklega framlengdar á dag 3 eftir samráðsfund Veðurstofu í dag. Viðvaranir taka tillit til árstíma. Eru nú appelsínugular þar sem er mikið af ferðalögum og ferðamönnum, þá er einnig búfenaður úti og jafnvel farinn á fjöll. Ekki talin mikil hætta á ísingu.

Ofanflóðavaktin er að funda og upplýsingar koma frá þeim í kjölfarið á þeim fundi.

### Vegagerðin

Sjá fram á lokanir í nótt.

Á **Ösnadalsheiði** er áætlað að loað verði um kl 21:00 í kvöld, nýjar upplýsingar koma svo í fyrramálið kl 09:00. Búið er að frestað framkvæmdum sem áttu að vera í vikunni í Múlagöngum og Strákagöngum vegna færðarinnar og því verður fært fyrir Tröllaskaga.

Áætlað er að **Mývatns og Möðrudalsöræfi** loka kl.20 í kvöld. Hreinsað í fyrramálið og nýjar upplýsingar ættu að liggja fyrir kl 09:00, það er heldur meiri óvissa með þetta.

Á **Suðausturlandi** verður leiðin milli Hafnar og Djúpavogs verður lokað kl 21:00 í kvöld og opnast vonandi um kl 10:00 í fyrramálið. Frá Fagurhólsmýri að Höfn verður sett á óvissustig og væntanlega sett ófært um miðnætti og svo metið með opnun í fyrramálið.

Þá verður óvissustig um allt **Suðurland** að Hellu, gæti lokað með stuttum eða engum fyrirvara.

Þá verður færðareftirlit eins á vetri og bílar verði tilbúnir til að fara út. Brýna þarf fyrir fólki að vera á ferðinni að degi til en ekki á nóttinni þar sem að birta hjálpar til við bráðnun á vegum. Vegagerðin mun setja frétt á vegagerdin.is og uppfæra í rauntíma á umferdin.is

---

## Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

### Uppfært 3. júní kl 15:00

Appelsínugul viðvörðun vegna veðurs á Norðurland eystra, Austurland að Glettingi, Austfirðir, Suðausturland, Miðhálandi og Strandir og norðurland vestra. Þá verður gul viðvörðun vegna veðurs á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Faxaflóa, Breiðafirði, Vestfiörðum og Allt landiðseinna meir.

Upp úr kl 17:00 tekur gildi gul viðvörðun á Norðurlandi Eystra, Austurlandi og Miðhálandinu.




### Norðurland eystra

Hríðarveður (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 17:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðvestan 13-20 m/s. Rigning eða slydda nærri sjávarmáli, annars snjócoma. Talsverð úrkoma með köflum. Lausamunir geta fokið. Ferðalög geta verið varasöm, sérílagi á ökutækjum sem eru viðkvæm fyrir vindi. Snjór getur sest á vegi, einkum fjallvegi, með erfiðum akstursskilyrðum eða jafnvel ófærð. Huga þarf að því að koma búfænaði í skjól. Mikill kuldi og vösbúð fyrir útivistarfólk.

Viðvaranir - Norðurland eystra




### Austurland að Glettingi

Hríðarveður (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 17:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðvestan 15-23 m/s. Rigning eða slydda nærri sjávarmáli, annars snjócoma. Lausamunir geta fokið. Ferðalög geta verið varasöm, sérílagi á ökutækjum sem eru viðkvæm fyrir vindi. Snjór getur sest á vegi, einkum fjallvegi, með erfiðum akstursskilyrðum eða jafnvel ófærð. Huga þarf að því að koma búfænaði í skjól. Mikill kuldi og vösbúð fyrir útivistarfólk.

Viðvaranir - Austurland að Glettingi




### Austfirðir

Stormur með hríð á fjallvegum (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 17:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðvestan 15-25 m/s, hvassast sunnantil. Rigning með köflum nærri sjávarmáli, en snjócoma eða slydda á fjallvegum. Lausamunir geta fokið. Ferðalög geta verið varasöm, sérílagi á ökutækjum sem eru viðkvæm fyrir vindi. Snjór getur sest á fjallvegi, með erfiðum akstursskilyrðum eða jafnvel ófærð.

Viðvaranir - Austfirðir




### Miðhálandið

Hríðarveður (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 17:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðan og norðvestan 15-25 m/s og snjócoma, úrkomumest norðantil á svæðinu. Ekkert ferðaveður. Kuldi og vösbúð líkleg til að vera hættuleg útivistarfólki.

Viðvaranir - Miðhálandið



### Strandir og Norðurland vestra

Hríðarveður (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 19:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðvestan 13-20 m/s. Rigning eða slydda nærri sjávarmáli, annars snjócoma. Hvassast og úrkomumest austantil á svæðinu. Lausamunir geta fokið. Ferðalög geta verið varasöm, sérílagi á ökutækjum sem eru viðkvæm fyrir vindi. Snjór getur sest á vegi, einkum fjallvegi, með erfiðum akstursskilyrðum eða jafnvel ófærð. Huga þarf að því að koma búfænaði í skjól. Mikill kuldi og vösbúð fyrir útivistarfólk.

Viðvaranir - Strandir og Norðurland vestra





### Suðausturland

Stormur í vindstrengjum (Appelsínugult ástand)

3 jún. kl. 19:00 – 5 jún. kl. 23:59

Norðan og norðvestan 15-25 m/s, vindhviður mögulega um eða yfir 35 m/s. Lausamunir geta fokið. Vindstrengir geta verið hættulegir ökutækjum.

### Suðurland

Allhvöss eða hvöss norðanátt (Gult ástand)

3 jún. kl. 23:00 – 5 jún. kl. 12:00

Norðan 13-20 m/s, hvassast í vindstrengjum við fjöll og snarpar hviður, einkum undir Eyjafjöllum. Varasamt ferðaveður fyrir öktæki sem eru viðkvæm fyrir vindi. Lausamunir geta fokið.

### Faxaflói

Allhvöss eða hvöss norðanátt (Gult ástand)

4 jún. kl. 06:00 – 22:00

Norðan 13-20 m/s, hvassast í vindstrengjum við fjöll og snarpar hviður. Varasamt ferðaveður fyrir öktæki sem eru viðkvæm fyrir vindi. Lausamunir geta fokið.

### Breiðafjörður

Allhvöss eða hvöss norðanátt og él (Gult ástand)

4 jún. kl. 08:00 – 20:00

Norðan 13-20 m/s og él, hvassast í vindstrengjum við fjöll og snarpar hviður. Varasamt ferðaveður fyrir öktæki sem eru viðkvæm fyrir vindi. Lausamunir geta fokið. Mögulega snjóþekja á vegum, sérílagi á fjallvegum.

### Vestfirðir

Allhvöss eða hvöss norðanátt og él (Gult ástand)

4 jún. kl. 08:00 – 20:00


Norðan 13-20 m/s og él, hvassast í vindstrengjum við fjöll og snarpar hviður. Varasamt ferðaveður fyrir öktæki sem eru viðkvæm fyrir vindi. Lausamunir geta fokið. Mögulega snjóþekja á vegum, sérílagi á fjallvegum.

### Höfuðborgarsvæðið

Allhvöss norðanátt (Gult ástand)

4 jún. kl. 10:00 – 18:00

Norðan 10-18 m/s, hvassast nyrst og vestast á svæðinu. Snarpar vindhviður með köflum á Kjalarnesi. Lausamunir geta fokið, fólk er hvatt til að sýna aðgát og ganga frá lausum munum til að forðast tjón.





---

## Frá Ferðamálastofu

Uppfært 3. júní kl 16:00

Fulltrúi Ferðamálastofu hefur fylgst með framvindu og verið í góðu sambandi við Samhæfingastöð Almannavarna.

Sendur var út viðvörðunarpóstur á gagnagrunn Ferðamálastofu á laugardagskvöld og svo aftur í dag með upplýsingum um hvað mætti búast við, leiðbeiningum um hvernig ætti að bregðast við ásamt ákalli til þess að biðja framlínuþjónustu koma upplýsingunum áfram til ferðamanna. Upplýsingar um innihald viðvörðunarpósts má finna hér:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/slaem-vedursskilyrði-fra-og-med-manudegi>

Ferðamálastofa mun halda áfram að fylgjast náið með framvindu mála og mun senda út frekari upplýsingar sé þess þörf.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099.

